

Sveitastjórnarfundur 08-2022  
Skagabúð 10.nóvember 2022 kl 13:00

Mættir eru Erla Jónsdóttir, Magnús Björnsson, Steinar Kristjánsson og Bjarney R Jónsdóttir, Vignir Sveinsson boðaði forföll og mætti Elín A Rafnsdóttir varmaður í hans stað.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum, Bjarney ritaði fundargerð, gengið var til dagskrár.

### **1. Deiliskipulag Kálfshamarsvíkur**

Umræður voru um vinnslu deiliskipulags.

### **2. Úrgangsmál - svæðisáætlun, samþykkt sveitarfélagsins og sorpsöfnun/eyðing**

Til stendur að sveitarfélögin á svæðinu bjóði í sameiningu út sorpsöfnun. Fyrir liggur að kostnaður á íbúa mun aukast mikið á næstu árum auk krafna um að flokkun verði meiri. Ákveðið er að boða til íbúafundar í sveitarfélaginu þann 21. nóvember kl 17.00 í Skagabúð.

### **3. Byggðasamlög**

Sveitarstjórn leggur áherslu á að sveitarfélög sem reka saman byggðasamlög gangi í það að breyta samþykktum þeirra þannig þau standist stjórnvaldslög.

### **4. Fjárhagsáætlun 2023**

Umræður urðu fjárhagsáætlun og samþykkt að vísa henni til næstu umræðu.

### **5. Heimasíða Skagabyggðar**

Umræður urðu um uppsetningu og útlit á heimasíðunni.

### **6. Refa- og minnkaveiðar**

Samþykkt var að heimila útdrátt fyrir ref að Þverá í vetur og greitt yrði 8.000 kr/per veitt dýr  
Samþykkt var að breyta greiðslufyrirkomulagi vegna minnkaveiðar í samræmi við fyrirliggjandi drög. Jafnframt var rætt um að færa gildirur í samráði við hagaðila.

### **7. Innheimtumál**

Umræður urðu um vanskil

### **8. Bréf**

- a. Umhverfisstofnun - tilnefning í vatnasvæðanefnd

Samþykkt að tilnefna Vignir Sveinsson sem aðalmann og Bjarney Jónsdóttur sem varamann

- b. Samband Íslenskra sveitarfélaga - Þátttaka við að þróa aðlögunaraðgerðir vegna loftlagsbreytinga

Sveitarstjórn afþakkar boðið

## **Sveitarfélagið Skagabyggð - Sveitarstjórn**

---

- c. ÖBÍ- Heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi - skipun aðgengisfulltrúa  
Samþykkt að skipa Erlu Jónsdóttur
- d. Markaðsstofa Norðurlands - Opin skrifstofa 29.nóvember Textílmíðstöðinni  
Til kynningar, hvetjum áhugasama íbúa að mæta.
- e. Heilbrigðisfulltrúi Norðurlands vestra - hundahreinsun og meðferð sláturúrgangs  
Hvetjum íbúa að tryggja árlega hundahreinsun og vanda meðferð sláturúrgangs.
- f. USAH - afmælishóf 110 ára afmæli 17. nóvember  
Þökkum gott boð og Magnús Björnsson mun mæta.
- g. Gísli Grímsson - viðhald vega á Laxárdal  
Samþykkt að framkvæmdir falli innan framkvæmda við styrkvegi Vegagerðarinnar 2022
- h. USAH - stuðningur við útgáfu héraðsritsins Húnavöku  
Samþykkt að styðja við útgáfuna
- i. Flugklasinn Air 66N - stuðningur  
Beiðni hafnað
- j. Umhverfisstofnun - áætlun um loftgæði 2022-2033  
Sveitarstjórn gerir athugasemd við tillögur til úrbóta sem snúa að fyrirhugaðri borgarlínu, þar með sé verið að hefta aðgengi landsbyggðarfólks.
- k. Karólína Elísabetardóttir - Umsókn um styrk varðandi bílfæra heimreið í Hvammshlíð  
Sveitarstjórn getur ekki séð sér fært að verða við erindinu.
- l. Skógræktarfélag Íslands - skipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi til skógræktar  
Til kynningar
- m. Félag atvinnurekenda - áskorun vegna fasteignagjalda  
Sveitarstjórn vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar
- n. Vitafélagið - styrkbeiðni  
Beiðni hafnað
- o. SSNV - kíkt í kjarnan  
Til kynningar

### **9. Fundargerðir**

- a. Fundargerð skipulagsnefndar, fundur nr 2 28.09.2022  
Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um stofnun lóðar úr landi Víkna sem staðsett er á Selfelli og fær heitið Sjónarhólsreitur.
- b. Fundargerð skipulagsnefndar, fundur nr 3 2.11.2022  
Til kynningar
- c. Fundargerð skipulagsnefndar, fundur nr 4 9.11.2022  
Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar og sendir deiliskipulagið í auglýsingaferli.
- d. Fundargerðir sorpsamlagsins Norðurá nr 103, 104, 105 og 106  
Til kynningar
- e. Fundargerð 913. fundar Samband íslenskra sveitarfélaga  
Til kynningar
- f. Fundargerð 914. fundar Samband íslenskra sveitarfélaga  
Til kynningar

## **Sveitarfélagið Skagabyggð - Sveitarstjórn**

---

- g. Fundargerð 83. fundar SSNV 6. september 2022  
Til kynningar
- h. Fundargerð 84. fundar SSNV 11. október 2022  
Til kynningar
- i. Fundargerð 85. fundar SSNV 13. október 2022  
Til kynningar
- j. Fundargerð 86. fundar SSNV 1. nóvember 2022  
Til kynningar
- k. Fundargerð í stjórn Félags- og skóláþjónustu A-Hún 7.11.2022  
Til kynningar

### **10. Önnur mál**

a. Umögn í samráðsgátt - áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga  
Samþykkt að senda inn umsögn

b. Umgangur um lóð við Skagabúð  
Sveitarstjórn lýsir vonbrigðum sínum hvað snertir umgang við félagsheimilið, þar hafa augljóslega verið hross sem er algjörlega óviðunandi. Sveitarstjórn skorar á íbúa að taka höndum saman um að hafa hliðið ávallt lokað og lóðina skepnufría. Samþykkt var að fá verktaka til þess að gera við girðinguna.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukka 16:30

\_\_\_\_\_  
Elín Anna Rafnsdóttir

\_\_\_\_\_  
Magnús Björnsson

\_\_\_\_\_  
Bjarney Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Erla Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Kristján Steinar Kristjánsson